

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Oddnýju G. Harðardóttur um málsmeðferðartíma umsókna um alþjóðlega vernd.

1. *Hver er meðalmálsmeðferðartími umsókna um alþjóðlega vernd í dögum talið á ári hverju frá árinu 2020 hjá Útlendingastofnun og kærunefnd? Annars vegar er óskað svars um meðalmálsmeðferðartíma allra umsókna og hins vegar sundurliðun eftir tegundum mála.*

Tafla 1. Meðalmálsmeðferðartími allra umsókna í fyrstu málsmeðferð hjá Útlendingastofnun í dögum talið (frá umsókn til ákvörðunar), án fjöldablóttu frá Úkraínu.

Ár	Dagar
2020	127
2021	87
2022	124
15.10.2023	169

Tafla 2. Meðalmálsmeðferðartími í fyrstu málsmeðferð hjá Útlendingastofnun eftir tegund málsmeðferðar í dögum talið (frá umsókn til ákvörðunar).

Ár	Efnismeðferð	Dyflinnarmál	Öruggt þriðja ríki	Vernd í öðru ríki	Fjöldablótti frá Úkraínu
2020	134	118	274	95	–
2021	79	94	83	102	–
2022	125	105	153	123	5
15.10.2023	186	123	148	120	5

Tafla 3. Meðalmálsmeðferðartími allra umsókna í fyrstu málsmeðferð hjá kærunefnd útlendingamála í dögum talið.

Ár	Dagar
2020	83
2021	74
2022	48
1.10.2023	104

Tafla 4. Meðalmálsmeðferðartími í fyrstu málsmeðferð hjá kærunefnd útlendingamála eftir tegund málsmeðferðar í dögum talið. Vakin er athygli á að „örugg þriðju ríki“ eru flokkuð undir „vernd í öðru ríki“ hjá kærunefnd.

Ár	Efnismeðferð	Dyflinnarmál	Vernd í öðru ríki
2020	91	65	88
2021	79	72	73
2022	50	45	50
1.10.2023	125	109	77

2. *Hver er meðalmálsmeðferðartími umsókna frá ríkisborgurum Venesúela um alþjóðlega vernd í dögum talið á hverju ári frá árinu 2019 hjá Útlendingastofnun og kærunefnd?*

Tafla 5. Meðalmálsmeðferðartími umsókna frá ríkisborgurum Venesúela í fyrstu málsmeðferð hjá Útlendingastofnun í dögum talið (frá umsókn til ákvörðunar).

Ár	Dagar
2019	45
2020	39
2021	58
2022	113
15.10.2023	212

Hinn 1. október sl. hafði kærunefnd útlendingamála afgreitt fjögur mál frá ríkisborgurum Venesúela á árinu 2023 og í þeim var meðalmálsmeðferðartíminn 155 dagar.

3. *Með hvaða hætti hefur verið brugðist við lengri málsmeðferðartíma hjá Útlendingastofnun og kærunefnd?*

Útlendingastofnun fékk heimild til þess að ráða fleira starfsfólk á síðasta ári og aftur síðastliðið vor til að mæta auknum málafjölda. Stofnunin bætti við sig bæði sérfræðingum og lögfræðingum í vinnslu mála. Þá fékk kærunefnd útlendingamála einnig heimild haustið 2023 til að bæta við sig fleiri lögfræðingum.

4. *Hvað skýrir að mati ráðherra lengri málsmeðferðartíma umsókna um alþjóðlega vernd?*

Líkt og greinir í töflu 1 var meðalmálsmeðferðartími umsókna um alþjóðlega vernd í fyrstu málsmeðferð hjá Útlendingastofnun, að undanskildum umsóknum vegna fjöldaflotta frá Úkraínu, rúmur fimm og hálfur mánuður (169 dagar) hinn 15. október síðastliðinn. Þetta er umtalsverð lenging frá árinu 2021 þegar meðalmálsmeðferðartíminn var undir þremur mánuðum (87 dagar). Stuttur málsmeðferðartími þá skýrist fyrst og fremst af fækkun umsókna á tímum COVID og hraðri afgreiðsla umsókna frá Venesúela á árunum 2020–2022. Að sama skapi skýrist lenging meðalmálsmeðferðartímans nú fyrst og fremst af verulega mikilli fjölgun umsókna, hléi sem gert var á afgreiðslu umsókna frá Venesúela frá desember 2022 til mars 2023, breyttri framkvæmd í kjölfarið sem og miklu magni óafgreiddra umsókna sem safnaðist upp á meðan.